

Matís ohf  
Vínlandsleið 12  
113 Reykjavík

Akureyri, 16. febrúar 2021  
UST2021-106/B.J.  
11.16

**Efni:** Uppfært leyfi til innflutnings á 5000 fengranaseiðum

Umhverfisstofnun vísar til umsóknar Matís ohf. um leyfi til innflutnings á 2000 kviðpokaseiðum af tegundinni fengrani (*Silurus glanis*) dags. 8. júní 2021 til að nota í tilraun í rannsóknaraðstöðu fyrirtækisins. Sótt er um leyfið í samræmi við 1. mgr. 63. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í samræmi við 3. mgr. 63. gr. náttúruverndarlaga leitaði Umhverfisstofnun umsagnar sérfræðinganevndar um framandi lífverur um umsóknina og fylgigögn hennar þann 8. september 2021. Umsögn sérfræðinganevndarinnar barst Umhverfisstofnun þann 27. september 2021 og var niðurstaða nefndarinnar sú að tegundin sé þekkt sem ágeng tegund erlendis sem getur haft verulega neikvæð áhrif á náttúruleg vistkerfi. Þrátt fyrir það taldi nefndin, miðað við umfang innflutningsins og eldi dýranna og förgun að tilraun lokinni, að lítil áhætta sé á að þessi innflutningur muni ógna villtum vistkerfum á Íslandi. Því taldi nefndin ekki ástæðu til að leggja gegn því að þessi tegund væri flutt inn fyrir þetta tiltekna verkefni og leggur áherslu á nauðsyn þess að öll lögformleg skilyrði séu uppfyllt.

Með hliðsjón af umsókninni, áhættumati og umsögn sérfræðinganevndarinnar telur Umhverfisstofnun ekki ástæðu til að ætla að innflutningurinn ógni eða hafi verulega áhrif á líffræðilega fjölbreytni. Við ákvörðunina er sérstaklega horft til þess að tilraunin er framkvæmd í lokuðu hringrásarkerfi og verður öllum fiskum eytt í lok tilraunar. Að framansögðu veitti Umhverfisstofnun þar með leyfi til innflutnings á 2000 fengrana kviðpokaseiðum til notkunar í vaxtartilraun.

Þann 2. febrúar 2022 barst Umhverfisstofnun tölvupóstur frá umsækjanda þar sem óskað var eftir breytingu á umsókn og innflutningi á 5000 kviðpokaseiðum í stað 2000 eins og sótt var upphaflega um í umsókn Matís ohf., dags. 8. júní 2021. Ástæða breytingarinnar er að ekki var gert ráð fyrir afföllum og þyrfti fleiri seiði til að geta framkvæmt tilraunina. Aðrar forsendur og þættir tilraunarinnar eru óbreyttir. Í kjölfar þessa upplýsti Umhverfisstofnun sérfræðinganevnd um framandi lífverur um breytinguna og óskaði eftir athugasemdum ef einhverjar væru. Þann 4. febrúar 2022 barst erindi frá sérfræðinganevndinni þar sem fram kom að nefndin gerði engar athugasemdir að því gefnu að forsendur, aðrar en fjöldi fiska, hafi ekki breyst.

Að framansögðu veitir Umhverfisstofnun hér með leyfi til innflutnings á 5000 fengrana kviðpokaseiðum til notkunar í vaxtartilraun. Umhverfisstofnun telur við hæfi að ítreka að innflytjandi skal í einu og öllu fylgja þeirri aðgæsluskyldu sem kveðið er á um í 65. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Athygli er vakin á að innflutningur tegundarinnar er jafnframt háður skilyrðum í samræmi við lög nr. 54/1990 um innflutning dýra.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að leifum fengranafiska skal fargað. Geyma má lífrænar leifar fiskanna í frysti þar til þeim er eytt með brennslu en aflífuðum tilraunadýrum á að farga með brennslu sbr. 12. gr. reglugerðar Evrópuþings og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 og reglugerð nr. 674/2017 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis. Umhverfisstofnun fer fram á að Matís ohf. sendi stofnuninni kvittun fyrir afhendingu úrgangsins á viðurkenndri móttökustöð fyrir spilliefni að tilraun lokinni.

Ákvörðun þessi sætir kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 91. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað sem varðar kærana fer samkvæmt lögum um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

**Subject:** Updated import permit for alien species – 5000 Catfish fry

In September 2021, The Environment Agency of Iceland processed an application from Matís ohf.- in accordance with Article 63(1) of the Nature Conservation Act No. 60/2013. The application is originally dated June 8<sup>th</sup>, 2021 and concerns a request to import 2000 catfish (*Silurus glanis*) yolk sack fry's to be used in a growth trial experiment in closed recirculation aquaculture research facility.

In accordance with Article 63(3) of the Nature Conservation Act the applications was sent to the Expert Committee on Alien Species for a review. The Committee came to the conclusion that even though the species is known to be invasive outside its natural habitat, the magnitude of import, rearing conditions (closed recirculation tanks) and the fact that all carcasses will be sent to waste destruction once the experiment is finished, it is very unlikely that the importation poses a threat or will have a significant effect on biological diversity in Iceland and did not object the importation as long as other legal formalities are fulfilled.

Following this the Environment Agency of Iceland granted a permission (29<sup>th</sup> of September 2021) for the import of 2000 catfish yolk-sac fry's.

On the 2<sup>nd</sup> of February 2022, the Environment Agency received an email from the applicant requesting the number of fish to be changed from 2000 to 5000- reason being that some errors had been made during the experimental setup. All other factors of the experimental process are unchanged. Following this email, the Agency contacted the Expert Committee on Alien Species to seek their approval to increase the number of fish from 2000 to 5000. The agency received an email from the committee on the 4<sup>th</sup> of February, 2022, stating that the committee did not oppose, given that all other factors would remain intact.

Considering the applications, risk evaluations and the review of the Expert Committee the Environment Agency of Iceland believes that the importation of the alien species does not pose a threat and is unlikely to have a significant impact on biological diversity.

The Agency hereby grants a permit to Matís ofh. for importation of 5000 yolk-sac fry's of catfish (*Silurus glanis*). Furthermore, The Environment Agency of Iceland emphasizes that the [Importer] must exercise caution, cf. Art. 65 of the Nature Conservation Act no. 60/2013.

Please note that the import of the species is also subject to an authorization in accordance with act No. 54/1990 on importation of live animals.

This decision is subject to appeal to the Environmental and Natural Resources Board of Appeal, cf. Article 91 of the Nature Conservation Act no. 60/2013. Standing, time limit for appeal, proceedings and other matters relating to the appeal are governed by the Act on the Environmental and Natural Resources Board of Appeal.

Finally, the Agency points out that all remains of the fish shall be discarded at the end of the experiment. Biological remains can be stored in a freezer until cremated, but all subjects from animal studies shall be cremated according to Art. 12 of regulation (EC) no. 1069/2009 and regulation 674/2017 regarding regimen in relation to byproducts from animals and derivative not intended for human consumption.

It is requested that Matís ofh. will send the Agency a confirmation for the delivery of the waste from an authorized pollutant waist depot for the carcasses.

Virðingarfyllst

Bjarni Jónasson  
teymisstjóri

Skúli Þórðarson  
sviðsstjóri